

90. færzla þeirra getur ekki komið til tals, því að ástæður eru hjer í engu líkar, meðan fiski-
4. maí. skipin hafa ekki samgöngur við landsmenn, sbr. einnig síðasta málslið 1. gr. í lögum
17. desbr. 1875.

Eftir því sem þannig er innt, hefir eigi ástæða þótt til vera að bjóða stjórnar-
völdum á Færeyjum að ná inn sektunum.

6 fylgiskjölín við brjef amtmannsins endursendast.

91. — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um spítalagjald af færeyskum
4. maí. fiskiskipum. — Með þóknanlegu brjefi frá 27. febrúar þ. á. hafið þjer, herra landshöfð-
ingi, sent hingað eptirrit eptir brjefi amtmannsins yfir norður- og austurumdæmi Íslands,
þar sem lagt er til, að hlutaðeigandi færeysk stjórnarvöld sjeu látin heimta inn spítala-
gjald, samkvæmt tilskipun 12. febr. 1872, af nokkrum færeyskum skipútgjörðarmönnum,
sem stundað hafa fiskiveiðar í landhelgi við norður- og austurumdæmi Íslands, en siglt
þaðan án þess að greiða gjaldið, og að höfðað verði opinbert lögreglumál fyrir að hafa
brotið 3. grein tjeðrar tilskipunar gegn þeim formönnum á viðkomandi fiskiskipum, sem
ekki, áður en þeir fóru úr hreppi þeim, er þeir hafa fiskað í, hafa fullnægt skyldum þeim,
er í þessu tilliti hvíldi á þeim samkvæmt tilskipuninni.

Að því er snertir skyldu hlutaðeigandi fiskara til að greiða spítalagjald af afla
sínnum, hafið þjer, herra landshöfðingi, tekið fram, að skip Færeyinga, meðan á veiðinni
stendur, liggja við akkeri í landhelgi og sjeu í öllu tilliti háð lögum landsins. Það verði
því að álita þau sem part af því landi, er þau þannig eru í sambandi við; og gjaldið,
er samkvæmt 1. gr. tilsk. 12. febr. 1872 skal greitt af öllum sjávarafla þeim, er fæst
á þilskip, opin skip, báta og byttur við Ísland, og þar er lagður á land, virðist að ná
til afla þess, er fáist með bátum frá slíkum skipum, og verði fluttur um borð í þau.
Þjer hafið þar að auki getið þess, að það, hvað öðru líður virðist að hafa verið vafa-
laus skylda hlutaðeigandi fiskara samkvæmt 43. grein stjórnarskrár um hin sjerstöku
málefni Íslands frá 5. janúar 1874 í bráð að hlýða boði því um að greiða gjaldið, er
yfirvöldin þar á staðnum höfðu gefið út.

Ráðgjafinn getur nú ekki verið yður samdóma um skilning þann á 43. grein
stjórnarskrárinnar, er þjer þannig hafið látið í ljósi. Hún gjörir það ekki að skilyrðis-
lausri skyldu í bráð að hlýða sjerhverju yfirvaldsboði, er sá, sem fyrir því verður ætlar
heimildarlaust að lögum; en af greininni leiðir einungis, að hlutaðeigandi geti ekki með
því að skjóta spurningunni til úrlausnar dómstólanna komist undan þeirri ábyrgð, sem
samkvæmt lögum myndi leiða af óhlýðni við boðið, sje hún ólögleg. Sömu leiðis verður
ráðgjafinn að álita, að það samkvæmt 1. grein tilskipunarinnar frá 1872 hafi verið skil-
yrði fyrir gjaldskyldunni, að viðkomandi affi væri lagður á land, og þau fyrirmæli vanta
er virðast nauðsynleg til þess, að flutningur aflans um borð í skip, sem liggja fyrir
akkerum í landhelgi gæti haft hina sömu þýðingu. Að því er ráðgjafanum er kunnugt
hefir hin nefnda lagaákvörðun einnig ávallt verið skilin samkvæmt þessu; enda studdi
einmitt það atriði, að spítalagjaldið að eins var greitt af fiski þeim, sem lagður var á
land og ekki af þeim fiski, sem fluttur er út óverkaður í sjálfum fiskiskipunum, ekki á
óverulegan hátt, til þess, að frumvarp það kom fram til laga um útflutningsgjaldi á fiski
og lýsi o. fl., er síðasta alþingi samþykkti og 4. nóvbr. f. á. var gefið út sem lög, og
er það beinum orðum sagt í ástæðunum fyrir þessu frumvarpi. Heldur ekki hefir ráð-
gjafinn bent á annan skilning á tjeðri lagaákvörðun í brjefi því frá 16. oktbr. 1880, er

þjer, herra landshöfðingi minnizt á, og hefði hann ekki viljað segja annað í því, en að síld væri gjaldskyld, þegar hin almennu lögákveðnu skilyrði væru fyrir hendi.

Með því að ráðgjafinn þannig fyrir sitt leyti verður að ætla, að heimild vanti til að krefja hina færeysku útgjörðarmenn, sem hjer er um að ræða, um spítalagjald, ef afinn hefir ekki verið lagður á land, og með því að það, hvað öðru líður ekki virðist ráðgjafanum hentugt, að leita úrlausnar dómstólanna í öðrum ríkishlutum um skilning íslenzkra laga, hefir ekki þótt ástæða til að gjöra meira í þessu máli.

Þetta er þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar. 2 fylgiskjölín við ofannefnd brjef endursendast og sömuleiðis ávísun sú, er fylgdi öðru brjefi yðar, herra landshöfðingi frá 27. febr. þ. á. og gefin hefir verið út af færeyskum skipstjóra J. Chr. Degn fyrir 95 kr. 31 e. spítalagjaldi og hefir samkvæmt því, sem að framan er tekið fram, ekki þótt nægileg ástæða til að innheimta það. Hinni ávísuninni, er fylgdi tjeðu brjefi, og sem færeyzkur kaupmaður Tærgesen hefir gefið út, hefir þar á móti þótt rjettast að halda eptir, þangað til álit er fengið um erindi það frá Tærgesen kaupmanni, er fylgdi brjefi ráðgjafans frá 10. febrúar þ. á.

— **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir sudur- og vesturumdæminu um setudómara í sakamáli.** — Með brjefi dags. 1. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer endurrit eptir prófum þeim, er hinn skipaði setudómari Jón ritari Jónsson hefir haldið til rannsóknar á dauðdaga Kristmanns Jónssonar, og hafið þjer þar með sent tillögu þá, er hann sendi amtinu ásamt endurriti af prófunum og sömuleiðis endurrit af dómi, sem kveðinn var upp í hinum kgl. íslenzka landsyfirrjetti 27. marz þ. á., og sem ónýtir fangelsis-úrskurð, er tjeður setudómari hafði upp kveðið undir rannsókn málsins. Hafið þjer, herra amtmaður, lagt undir úrskurð minn, hvort framhalda skuli tjeðu máli, og verði það af ráðið, hvort þá beri að útvega konunglegt umboð («comm-issorium») handa Jóni ritara Jónssyni til að halda fram rannsókninni og á sínum tíma að dæma málið.

Út af þessu vil jeg tjá yður, herra amtmaður, það, er nú greinir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Jeg fæ ekki betur sjeð en að rannsókn hins setta dómara hafi rekin verið með slíku vandlæti og röggsemi, að naumast sje neitt útlit til, að frekari skýrslur, er verulega þýðingu hafi, mundu fást um dauðdaga Kristmanns Jónssonar, þótt rannsókn-um yrði á fram haldið. Og þótt nú efi geti á því leikið, hvort líkur þær, sem fram eru komnar gegn Guðmundi Jónssyni, sjeu nægar til þess, að hann eptir þeim verði dæmdur sekur í að hafa valdið dauða Kristmanns, eru þær þó svo lagaðar, að jeg verð að álíta það rjettast, að sönnunar-þýðing þeirra sæti úrslitum dómstólanna. Því ber að skipa málshöfðun honum á hendur fyrir brot gegn 189. og 190. gr. alm. hegningarlaga, og í sambandi við það móti Mettu Egilsdóttur og Sigurþóri Ólafssyni fyrir brot gegn 148. gr. alm. hegningarlaga.

Hinsvegar virðist mjer, að þegar á ásíðkomulag málsins er lítið, eins og það liggur nú fyrir, eptir að rannsókninni í öllu verulegu er lokið, þá sje eigi næg ástæða til að skipa sjerstakan dómstól til að dæma málið, er hefir verið rannsakað af setudómara á reglulegu dómþingi, og því hefir mjer þótt rjettast að fallast eigi á tillögu yðar herra amtmaður, um að útvega konunglega umboðsskra handa Jóni landritara Jónssyni; en jeg vil skora á yður að annast um, að ofantjed málsókn verði hófðuð á